



# Sumarstarf Vinnuskólans

Starfsskýrsla – sumarið 2015 fyrir ÍTH nefnd og fræðsluráð

*Bára Kristín Þorgeirsdóttir, Geir Bjarnason*

*og Ragna Rut Magnúsdóttir tóku saman*

*September 2015*

## Inngangur

Markmið Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarstarfsins er að tryggja börnum, unglingum og ungu fólki fjölbreytt sumarverkefni sem nær til sem allra 13 – 17 ára og ungs fólks 18 ára og eldri.

Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans og er starfsemin afar fjölbreytt. Vinnuskólinn er fyrir 14 -17 ára unglinga, sumarvinna fyrir 18 ára og eldri, skólagarðar, Tómstund fyrir 4.-7. bekk, sumarvinna fyrir ungmenni 18 ára og eldri sem vinna t.d. hjá íþróttafélögum og stofnunum bæjarins. Á fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir 155 milljónum til rekstrarins.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar var starfræktur á tímabilinu 19. maí – 21. ágúst þetta árið sem telst eitt lengsta starfstímabil seinni ára. Skrifstofa Vinnuskóla er að Hrauntungu 5. Þar starfa skólastjóri auk sex annarra starfsmanna sem sjá um daglegan rekstur, samskipti við leiðbeinendur, unglinga í Vinnuskóla, starfsmenn, foreldra og börn á leikjanámskeiðum, börn í skólagörðum og foreldra þeirra. Í höfuðstöðvunum að Hrauntungu er aðstaða fyrir starfsmenn til að sinna skrifstofuvinnu, starfsmenn hafa aðgang að eldhúsi auk þess eru þar verkfærageymslur. Leikjanámskeið og Tómstund hafa svo aðsetur út í skólunum með mis góða aðstöðu.

Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á hvernig til tókst að reka starfsemina sumarið 2015 og vekja athygli á álitamálum og frampróunarverkefnum tengdum sumarstarfinu.



## Ráðningar og undirbúningur starfsfólks

Störf flokkstjóra og leiðbeinenda hjá Vinnuskóla voru auglýst til umsóknar og var opnað fyrir umsóknir þann 20. mars Umsóknarfrestur var til 8. apríl og skilyrði fyrir ráðningu var að umsækjandi væri búsettur í Hafnarfirði. Eftir 8. apríl hófst vinna við úrvinnslu umsókna. Í sumar voru tekinn ráðningarviðtöl sem var jákvætt skref sem gerðu ráðningar en faglegr en áður. Kröfur voru gerðar varðandi aldur og hæfni sem starfsfólk þyrfti að uppfylla.

Flestir starfsmenn hófu síðan störf í byrjun júnímánaðar. Fyrsta vikan er einkum notuð í undirbúning og fræðslu fyrir starfsfólk. Meðal þess sem tekið var fyrir var skyndihjálp, umhverfis- og forvarnafræðsla, samskipti við börn og unglinga, verkstjórn fyrir unga stjórnendur, verkleg kennsla, hópefli, líkamsbeiting o.fl. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk mæti á námskeiðin enda eru þau hluti af starfinu.

Rúmlega 400 sumarstarfsmenn eldri en 17 ára voru við störf hjá Vinnuskólanum í sumar. Rúmlega 600 umsóknir bárust. Af þeim sem ekki voru að vinna í vinnuskólanum í sumar höfðu í kringum 160 fengið vinnu annarsstaðar þannig að það voru ekki nema í kringum 60 sem ekki fengu vinnu.

Þrír starfsmenn sinntu stöðu yfirflokkstjóra og fékk hver og einn þeirra sitt svæði til að sjá um. Á einu svæði voru t.d. almennir vinnuhópar, sérhópar, íþróttafélög, Tómsundur, skólagarðar og fleira. Þetta gerir það að verkum að minna er um akstur og gerði starfið fjölbreyttara en áður, í gegnum árin hafa tveir yfirflokkstjórar séð um almenna vinnuhópa og einn yfirflokkstjóri sá um leikjanámskeiðin, Tómsundur, skólagarða, gæsluvöllinn, félög og sérhópa sem var allt of mikið fyrir einn yfirflokkstjóra enda eykst fjöldin ár frá ári.

Við úrvinnslu umsókna var unnið út frá ráðningareglum Vinnuskólans sem voru uppfærðar og samþykktar af Íþróttá – og tómsundanevnd í janúar 2015.

## Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2015

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fara í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi getur sótt um fleira en eitt starf sem og óskað eftir að vinna á ákveðnu tímabili. Sótt er um sumarstörf á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hrauntungu 5.
2. Sumarstörfin verða auglýst eigi síðar en 10. mars og tekið verður við umsóknum frá 10. mars til 4. apríl árið 2014.
3. Ekki verður tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.
4. Ráðningartími í flest störfin er 216 klst. í um 6 - 7 vikur fyrir 18 – 20 ára, en 120 klst. í um 4 vikur fyrir 17 ára og 21 árs og eldri starfa í 264 klst.

5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumarvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verður til umsagnar (skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða umhverfi og framkvæmda við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og umhverfi og framkvæmda ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verða virt við ráðningar.
9. Stefnt er að því að öllum umsækjendum verði svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.

## Nýtt ráðningarkerfi

Ákveðið var að Vinnuskólinn myndi notast við nýja ráðningarkerfið sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið upp og nefnist H3. Allar umsóknir áttu að fara þar í gegn. Ætlunin var að láta 14-16 ára umsækjendur að sækja þar um og fá skólana til liðs með okkur. Þetta gekk ekki eftir og sóttu þau um á pappír líkt og undanfarin ár. Einnig var sú nýjung í sumar að allir starfsmenn yrðu skráðir í gegnum vinnustund. Í upphafi þurfti því að handskrú alla í kerfið. Er að taka upp sem nefnist H3 og er hluti af nýju launakerfi. Innleiðing á þessu kerfi gekk vægast sagt ekki vel eins og við höfðum vonað. Þrátt fyrir að haldnir voru margir undirbúningsfundir veturinn á undan. Það voru margar ástæður fyrir því að illa gekk en það segir okkur að undirbúningur að innleiðingu á svona verkefni þarf að gerast í minni skrefum og með betri og markvissari undirbúningi. Þetta skapaði mikið aukaálag á skrifstofu Vinnuskólans sem er að öðru jöfnu alveg nóg í upphafi sumars þegar Vinnuskóli verður fjölmennasti vinnustaður Hafnarfjarðar.

## Umsóknarferli unglunga

Umsóknar – og upplýsingarblöðum var dreift í öllum grunnskólum bæjarins um miðjan apríl og var umsóknarfrestur til 11. maí. Eftir þann tíma var þó áfram tekið við skráningu í Vinnuskólann og hófu þeir sem skráðu sig eftir auglýstan umsóknarfrest síðar störf en þeir sem sóttu um á réttum tíma. Ekki hefur tíðkast að vísa unglungum frá Vinnuskóla þó svo að komið sé fram yfir umsóknarfrest en mikil áhersla er lögð á að virða umsóknarfrest í kynningu á sumarstörfum.

Á umsóknarblöðum í ár var valmöguleiki fyrir unglunga til að sækja um störf í sérhópum sem á okkar vegum eru sem eru t.d. Umhverfis - lista – og jafningjafræðsluhópur. Þessi breyting var gerð að beiðni Ungmennaráðs til að opna en frekar ráðningarferlið og gefa öllum tækifæri á að sækja um sérhópa. Þetta gerði það þó ekki að verkum að fleiri væru að sækja um þessa hóp.

## Hlutfall og fjöldi unglunga og annarra starfsmanna

Unglingum við störf í Vinnuskólanum hefur haldist nokkuð í stað en fækkað hefur töluvert í elsta hópnum frá því á fyrra ári.

**Tafla 1 – Fjöldi unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2015**

|                   | Fjöldi     | Í skólum Hafnarfjarðar | Hlutfall (%) unglunga |
|-------------------|------------|------------------------|-----------------------|
| <b>8. bekkur</b>  | 302        | 387                    | 78%                   |
| <b>9. bekkur</b>  | 311        | 407                    | 77%                   |
| <b>10. bekkur</b> | 196        | 363                    | 54%                   |
|                   | <b>809</b> | <b>1.148</b>           | <b>70%</b>            |

**Tafla 2 – Hlutfall nemenda í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2014**

|                   | Allir | Unglingar í vinnuskóla | Hlutfall (%) unglunga |
|-------------------|-------|------------------------|-----------------------|
| <b>8. bekkur</b>  | 413   | 327                    | 79%                   |
| <b>9. bekkur</b>  | 355   | 272                    | 77%                   |
| <b>10. bekkur</b> | 394   | 212                    | 70%                   |

**Tafla 3 - Fjöldi eldri starfsmanna**

**2015**

| Árgangur | Fjöldi     |
|----------|------------|
| 1998     | 136        |
| 1997     | 76         |
| 1996     | 62         |
| 1995     | 42         |
| 1994+    | 133        |
|          | <b>449</b> |

## Hlutfall drengja og stúlkna

Heldur fleiri stúlkur en drengir voru við störf hjá Vinnuskólanum sumarið 2015.

**Tafla 4 – Hlutfall stúlkna og drengja í Vinnuskóla**

| Bekkur     | Stelpur | Strákar |
|------------|---------|---------|
| 8. bekkur  | 50%     | 50%     |
| 9. bekkur  | 52,5%   | 47,5%   |
| 10. bekkur | 50,5%   | 45,5%   |
| 17 ára     | 50,5%   | 45,5%   |

## Vinnustundir og laun unglunga

Vinnutími sumarið 2015 var þannig að allir á aldrinum 1999 – 2001 fengu 72 klst. Sem er sami tímafjöldi og síðastliðin ár. Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvernig þessu er háttað en eins og í Reykjavík þá hefur 8. bekkur misst tækifæri til að vinna í Vinnuskóla. Hinsvegar eru unglingarnir að taka sér frí og því vinnur meðalunglingurinn ekki allan þann tíma sem honum stendur til boða.

Tafla - 5 - Unnar vinnustundir og tekjumöguleikar unglunga árin 2014 og 2015

| Unnar vinnustundir á árinu 2015 | Meðal unnar vinnustundir | Heildartímafjöldi | Laun   |
|---------------------------------|--------------------------|-------------------|--------|
| 16 ára                          | 59                       | 72                | 543,91 |
| 15 ára                          | 60,48                    | 72                | 409,10 |
| 14 ára                          | 57,154                   | 72                | 362,07 |
|                                 |                          |                   |        |
| Unnar vinnustundir á árinu 2014 | Meðal unnar vinnustundir | Heildartímafjöldi | Laun   |
| 16 ára                          | 60,8                     | 72                | 544,93 |
| 15 ára                          | 63,29                    | 72                | 409,90 |
| 14 ára                          | 62,1                     | 72                | 362,74 |

Skipulag vinnunnar var þannig að unglingar á aldrinum 14 til 16 ára unnu allir þrjá tíma á dag fjóra daga vikunnar. Unglingarnir unnu aðra vikuna frá kl 9:00 – 12:00 og svo hina vikuna frá 13:00 – 16:00. Vinnustundir voru því samtals 12 á viku í 6 vikur. Í sumar var tekið upp á þeirri nýjung að hafa tvö tímabil fyrir unglingana. Annars vegar frá 12. júní – 23. júlí og svo frá 2. júlí – 13. ágúst. Flestir völdu að vera á fyrra tímabilinu og voru því ekki margir eftir á því seinna.

Nokkuð stór hluti af elstu árgöngunum störfuðu hjá þriðja aðila (íþróttafélögum og stofnunum eins og t.d. leikskólum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar en þess gætt að heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir 72 klukkustundir hjá unglingunum sem og öðrum starfsmönnum félagana, auk þess var tryggt að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við lög og reglur um vinnu barna og unglunga. Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:30 og 9:40 fyrir hádegi og 14:30 og 14:40 eftir hádegi.



## Tekjumöguleikar unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2015

16 ára unglingar voru með 543,91 á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn rúmlega 43.000 kr.

15 ára unglingar voru með 409,10 kr. á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn rúmlega 33.000 kr.

14 ára unglingar voru með 362,07 á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn um 29.000 kr.

### Almennir vinnuhópar

Hefðbundnir vinnuhópar með unglingum voru 36 talsins. Hóparnir voru í öllum hverfum og að venju voru unglingarnir skipaðir í hópa í sínu skólahverfi með sínum skólafélögum. Í sumar voru 24 flokkstjórar sem héldu utan um þessa hópa og var hver flokkstjóri með tvo hópa, einn sem kom fyrir hádegi og annar sem mætti eftir hádegi.



Almennt séð gekk mjög vel með hópana. Hver hópur vann á ákveðnu svæði og sinntu öllum þeim atriðum sem þurfti að sinna innan svæðisins. Hóparnir unnu mikið af hefðbundinni garðyrkju-, og hreinsunarstöfum. Unglingarnir voru í beðahreinsun, sanda beð, tyrfa, mála leiktæki, í ruslahreinsun og margt fleira. Einnig voru sér hópar sem sáu um málningarvinnu.

Flokkstjórar leiðbeindu unglingum við verkin og héldu utan um þau verkefni sem fyrir lágu. Yfirflokkstjórar höfðu eftirlit og tryggðu að ávallt væri næg verkefni til staðar fyrir flokkana.

Eins og ávallt var farið yfir verkefni dagsins og næstu daga á daglegum fundum í lok vinnudags sem forstöðumaður og yfirflokkstjórar sátu ásamt Birni B. Hilmarssyni yfirmanni þjónustumiðstöðvar og Guðjóni Sverrissyni garðyrkjustjóra.

## Morgunhópur

Öllum 17 ára var boðinn vinna hjá Vinnuskólanum eins og undanfarinn tvö ár. Því var ákveðið að halda áfram í sama fyrirkomulag að hafa öflugra 17 ára hópa í miðbænum sem vinna frá kl 6:00 – 11:00. Þeim var skipt upp í þrjú tímabil. Tímabil 1 var frá 22. maí til 16. júní, tímabil 2 var frá 18. júní til 10. júlí og 3 tímabil 13. júlí til 5. ágúst. Auk þess fengu þau sem ekki höfðu klárað tímana sína, tækifæri til að vinna til 14. ágúst.

Morgunhópurinn starfar aðeins í miðbænum og í nágrenni hans. Morgunhópurinn sá m.a. um ruslahreinsun, tæma ruslafötur og halda við helstu beðum miðbæjarins. Þessi hópur er ómissandi og er greinilegur munur á því hvort hann er á störfum eða ekki. Það mætti vel skoða það fyrir næsta sumar að hafa hann starfandi líka á laugardögum þar sem mikið rusl safnast saman í miðbænum um helgar.

## Skólagarðar Hafnarfjarðar

Skólagarðarnir eru á fimm stöðum í bænum Víðistaðatúni, Mosahlíð, efst á Öldugötu, Völlunum og á Holtinu. Starfsemi skólagarðana byrjaði 1. júní og var uppskerudagurinn 14. ágúst. Skólagarðarnir fóru vel af stað í byrjun sumar en garðarnir eru núna starfræktir sem fjölskyldugarðar í þeim tilgangi að auka aðsókn, gefa öllum bæjarbúum tækifæri á að rækta og auka nýtingu á gördunum. Fyrirkomulagið var þannig að börn frá 7-12 ára fengu forgang til þess að skrá sig og eftir það fékk almenningur að skrá sig í garðana. Við hefðum viljað sjá fleiri en 24 sem skrá sig í fjölskyldugarðinn en það er smá aukninga frá síðasta ári.

Aðsókn í garðana var svipur og í fyrra. Ræktunin á grænmetinu gekk eins og í sögu á Völlunum og kom þessi garður lang best út og uppskeran á kartöflum og grænmeti var mjög góð. Getum ekki sagt sömu sögu um nágrennagarðinn á Holtinu. Grænmetið og kartöflurnar þar vaxa hægt og aðstæður þarna virðast ekki henta til matjurtarræktunar. Garðarnir í Setberginu og Öldutúninu voru báðir á svipuðu róli. Ágætis uppskera og mun betri en í fyrra. Það var





gaman að sjá aukninguna á skráningu í Setberginu en um 48 voru skráðir en í fyrra voru rúmlega 20 skráðir.

Síðastur og sístur er garðurinn á Víðistöðum. Í byrjun sumars var fenginn lífræn áburður. Það hefur verið nefnt nokkrum sinnum að það þurfi að hressa upp á garðinn með því að skipta um jarðveg og einnig að setja skít á garðana í formi áburðar en það er hugsanlegt að sett hafi verið of mikið af þessum lífræna áburð í garðinn á Víðistöðum sem hafði þá öfug áhrif. Kartöflunnar komu vel út en grænmetið ekki. Fræin spíruðu illa og grænmetið dafnaði óvenju illa. Starfsmenn garðana telja að matjurtir eigi erfitt með að þrífast í svona miklum áburði.

Teknar voru inn nýjar kryddjurtir í sumar, mynta, sellerí, graslaukur og klettsalat. Myntan óx mjög vel, graslaukurinn var fínn og klettsalatið var misjafnt. Sellerið þurfti á flestum stöðum lengri tíma eftir uppskeruna.

Til umhugsunar fyrir næsta ár þá er það mat umsjónarmanns skólagarðana að það ætti að sameina Vellina og Holtið í einn garð og tvöfalda garðinn á Völlunum. Það er bæði stutt og frekar öruggt fyrir börn að komast frá Holtinu niður á Velli. Þetta er eitthvað sem við ættum alvarlega að skoða þar sem garðurinn á Völlum kom best út og auðvelt er að stækka hann.

## Leikjanámskeið

Rekstur leikjanámskeiða var í sumar að mestu leyti á hendi skrifstofu tómskundamála. Einstaka starfsmenn voru frá Vinnuskólanum en megin þorri starfsmanna leikjanámskeiða voru starfsmenn úr frístundaheimilum. Þegar verkefnastjórar og starfsmenn á skrifstofu Tómskundamála voru í sumarfríi sá Vinnuskólinn um utanumhald leikjanámskeiða frá 1. júlí til byrjun ágúst.

## Tómskund

Í ár var Tómskund á þremur stöðum rétt eins og síðastliðið sumar. Fyrirkomulagið var með svipuðu móti og á síðasta ári. Starfstöðvar opnuðu kl. 8 og námskeiðin byrjuðu kl. 9 fyrir hádegi og kl. 13 eftir hádegi. Í miðju námskeiði var síðan farið í nesti og svo héldu námskeiðin áfram til kl. 12 fyrir hádegi og 16 eftir hádegi. Oftast voru 3 námskeið fyrir hádegi og 3 námskeið eftir hádegi og reynt var eftir fremsta megni að hafa sem fjölbreyttustu námskeið á hverjum tíma. Helstu breytingar á starfsfyrirkomulaginu voru þær að að bæði tímabil Tómskundar náðu yfir 4 vikur en ekki 6 eins og í fyrra. Kletturinn hélt áfram í samstarfi við okkur en í ár voru þeir með starfsemi á öllum starfstöðvum Tómskundar og sú starfsemi varði frá 15. júní – 10 júlí, rétt eins og heildartímabil Tómskundar. Einnig þá var fyrirkomulaginu breytt þannig að enginn aldursskipting var á starfseminni. Börn á aldrinum 9 – 12 ára gátu verið allan daginn frá kl. 8 – 16 en upphaflega ætluðum við að loka í hádeginu fyrir börnin nema óskað hefði verið eftir öðru af foreldrum barna sem skráðu börnin sín í Tómskund í gegnum Klettinn. Fyrirkomulag námskeiða breyttist einnig, og í ár gátu börnin sótt flest námskeið sem þau vildu, þegar þau vildu, og ekkert mál var fyrir börnin að skipta um námskeið í miðri viku. Einnig tókum við upp á því að stytta nokkur námskeið eins og Graffiti námskeiðið, sameinuðum nokkur önnur

námskeið eins og Stensl og Tiedye, myndlist og list, Söng og Taktlist, Heimsmet-Tilraunir og Uppfinningar og fleiri námskeið. Einnig fækkuðum við námskeiðum í þeirri viku sem búist var við því að fæst börn væru skráð úr 6 námskeiðum í 4.

**Tafla 6 – Fjöldi barna í Tómsund eftir starfstöðum**

| Tómsund Hraunvallaskóla |           | Tómsund Víðistaðaskóla |           | Tómsund Öldutúnsskóla |           |
|-------------------------|-----------|------------------------|-----------|-----------------------|-----------|
| Árgangur                | Fjöldi    | Árgangur               | Fjöldi    | Árgangur              | Fjöldi    |
| 2005                    | 17        | 2005                   | 24        | 2005                  | 27        |
| 2004                    | 20        | 2004                   | 26        | 2004                  | 27        |
| 2003                    | 13        | 2003                   | 18        | 2003                  | 16        |
| 2002                    | 5         | 2002                   | 1         | 2002                  | 1         |
| <b>Samtals</b>          | <b>55</b> | 2003                   | <b>69</b> | <b>Samtals</b>        | <b>71</b> |

## Þjónustusamningar við Íþróttafélög

Þjónustusamningar við öll félög sem fá úthlutað starfsmönnum á vegum Vinnuskólans voru endurnýjaðir og undirskrifaðir í sumar. Ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin er sú að við viljum að allir starfsmenn á vegum Vinnuskólans séu með sömu réttindi og skyldur til námskeiðahalds, tryggingamála, tímakvóta og svo framvegis. Einnig er mjög jákvæð þróun að hafa alla þessa samninga upp á borðinu.

Ákvörðun um tímamagn til íþróttafélaga er endurskoðuð á hverju ári með hliðsjónar til fjárhagsáætlunar. Í ár var ákveðið að fækka um 2 leiðbeinendur hjá Haukum, FH og Keili og einum leiðbeinanda hjá Hraunbúum.

## Róló á Smyrlahrauni

Í ár varð breyting á staðsetningu gæsluvallarins sem undanfarin ár hefur verið staðsettur í Setbergi. Við fengum aðstöðu að Smyrlahrauni 41a þar sem áður var ungbarnaleikskólinn Bjarmi. Opið var frá kl 8:30 – 12:00 og 13:00 – 16:30. Klippikort var hægt að kaupa í gegnum „mínar síður“ á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) bæði var hægt að kaupa 5 skipti og 10 skipti. Aðsókn á völinn minnkaði þó nokkuð milli ára. Aðstaðan var ágæt en hefði mátt vera betri salernisaðstaða. Gæsluvöllurinn var opin frá 8. júlí – 5. ágúst.



## Tafla 7 - Aðsókn á Gæsluvöll 2015

| Námskeið            | Fjöldi |
|---------------------|--------|
| Róló 5 skipta kort  | 24     |
| Róló 10 skipta kort | 18     |

### Litli róló

Í sumar var litli róló, leikvöllur fyrir ung börn, á Hansareit milli Fjarðar og Pennans (skýra staðsetningu betur) eins og undanfarinn ár. Litli róló var opinn eftir veðri og var þá fenginn starfsmaður frá Róló á Smyrlahrauni til að vinna. Ópið var frá kl.13:00-16:00. Það má með sanni segja að rólóinn sé vel nýttur og þá sérstaklega á góðviðrisdögum. Á Litla róló voru barnahús, bílar og önnur leikföng og leiktæki. Skapandi sumarstörf Vinnuskólans kom einstaka sinnum og skemmti á Litla róló.

### Verkfærageymslur

Farið var í samstarf við framkvæmdasviðið um að fá aðgang að geymslum eða ákveðnum svæðum til að geyma verkfæri vegna mikillar rýrnunar síðustu ára. Það samstarf gekk virkilega vel og fengum við geymslustað í öllum skólum bæjarins. Þetta gerði það að verkum að töluvert minna af verkfærum og vestum týndust eða skemmdust. Einnig fengum við að fara inn á leikjanámskeiðin ef veðrið var vont með vinnuhópa til að borða nesti og fara á klósett. Mikilvægt er að þetta haldist á næsta ári.

### Samfélagsmiðlar

Vinnuskólinn var með sína eigin facebook síðu líkt og síðasta sumar. Þar komu inn fréttir af starfi Vinnuskólans þeim sumarstöfum sem undir hann heyra. Þetta vakti mikla og jákvæða athygli hjá bæjarbúum og starfsmönnum Vinnuskólans. Einnig vorum við með síma sem gekk á milli flokkstjóra í þeim tilgangi að taka Snapchat af hópunum. Þetta verkefni eflði starfsandann hjá krökkunum í almennum vinnuhópunum.



Myndir voru birtar af vinnusvæðum unglínganna fyrir og eftir vinnu þeirra og fengu þannig bæjarbúar að sjá afraksturinn. Það má segja að það hafi gengið vonum framár og unglíngarnir duglegir að taka þátt í þessu jákvæða verkefni. Við látum hér fylgja nokkrar skemmtilegar myndir frá verkefninu.

## Samstarf við Umhverfi og framkvæmdir

Í sumar fóru allar ráðningar í gegnum Vinnuskólann á sumarstarfsfólki. Þannig fóru allar umsóknir í gegnum sama kerfi. Vinnuskóli flokkar og hélt utanum allar umsóknir og í gegnum Vinnuskóla réðu



Garðyrkjustjóri sitt fólk sem og aðrir aðilar eins og íþróttafélög sem fá starfsmenn í gegnum Vinnuskólann. Með þessu fara allir sömu leið og fá sömu launakjör, sama vinnumagn og yfirsýn yfir ráðningar eru á einni hendi.



Unnið var með Umhverfi og framkvæmdum að því að fara yfir helstu verkefni hvers sumars. Til að tryggja ítök Umhverfis og framkvæmda voru yfirverkstjórar Vinnuskólans ráðnir þaðan þó þeir starfi í Vinnuskólanum. Farið var yfir helstu verkefni og þeim forgangsraðað því að það kemur iðulega upp á ekki næst að klára öll verkefni sumarsins sem Vinnuskóla er falið að sjá um.



## Sérhópar

### Hellisgerðishópur

Þetta var samstarfsverkefni Vinnuskólans og umhverfis og framkvæmda. Þarna voru fjórir starfsmenn í fullri vinnu í gegnum sumarátak Vinnumálastofnunar. Þetta gekk alveg ótrúlega vel og voru verkefnin ærin. Það er mikil munur á ástandi Hellisgerðis í sumar og síðustu ár. Það er mjög mikilvægt að þetta verkefni muni halda áfram næstu ár enda mikið um það að Hafnfirðingar og ferðamenn eigi góðar stundir í garðinum.

### Competó – Jafningjafræðsla

Í jafningjafræðslunni starfa níu ungmenni á aldrinum 15 - 17 ára við að fræða starfsmenn Vinnuskólans um ýmis málefni. Einnig er einn aðstoðarflokkstjórari á aldrinum 19 - 20 ára sem hjálpar af og til við fræðslu.

Hugtakið jafningjafræðsla er jafningi fræðir jafninga eða í okkar tilfelli ungur fræðir ungan. Markmið fræðslunnar er ekki að kenna krökkum heldur einungis að fræða þau og getum við lært jafn mikið af krökkunum og þau geta lært af okkur. Umræðuefni hópsins í ár var: Jafnrétti kynjanna, fordómar og hinsegin fólk. Þar sem ungmennin voru að fara að fræða aðra um þessi ákveðnu málefni þurftu þau að vita ýmislegt um þau, þess vegna var fyrsta vinnuvikan hálfgerð fræðsluvika þar sem ungmennin fóru í fræðslu sem tengdust þessum málefnum.

Í heimsókn komu svo fyrrum fræðarar Jafningjafræðslunnar 2014 til þess að hitta krakkana og segja þeim við hverju þau áttu að búast og hvernig á að bregðast við mismunandi aðstæðum. Það var mjög auðvelt fyrir okkur að leiðbeina hópnum þar sem við höfðum öll unnið í Jafningjafræðslunni áður. Þegar fyrsta fræðslan byrjaði að þá voru krakkarnir að sjálfsögðu þínu stressuð og leituðu svolítið til okkar flokkstjóranna til þess að tala. Við gerðum það að sjálfsögðu og sýndum þeim hvernig fræðslan átti að fara fram. Í fyrstu vikunni leyfðum við svo hópnum að sjá alein um fræðsluna og gekk það eins og í sögu. Síðan sátum við, flokkstjórarnir inni á meðan á einni fræðslunni stóð og punktuðum niður það sem betur mátti fara. Síðan fórum við yfir þá punkta með hópnum eftir fræðsluna og þau lagfærðu það, sem laga þurfti. Í byrjun júlí var Sumarhátíð Íth og þar var Jafningjafræðslan með gjörning. Við vorum klædd í drag og vorum með skilti framan á okkur sem sýndu fram á allskonar fordóma sem fólk upplifir í daglegu lífi. Þetta gekk mjög vel og vorum við áberandi í

bænum. Eftir þetta var okkur boðið að vera með atriði í Gleðigöngunni, þar vorum við uppi á pallbil og aftur í dragi nema mikið ýktari í það skiptið. Við






uppfærðum skiltin og gerðum fleiri fyrir Hafnarfjarðarbæ svo allir sem tóku þátt í göngunni með okkur gætu borið skilti um hálsinn. Við fengum frábærar viðtökur og mikil ummæli. Einnig náðum við að koma okkur í fjölmiðla og skiluðum boðskapnum til almennings.

Ungmennin níu urðu ótrúlega góðir vinir eftir sumarið og okkur skilst að þau séu ennþá í miklu sambandi við hvort annað. Þau stóðu sig öll sem eitt með þrýði og við hefðum ekki getað valið betri hóp. Þegar öllu er á botninn hvolft þá heppnaðist starfsemin virkilega vel og teljum við okkur trú um að fleiri séu fræddir um málefnið. Við vorum einnig með skoðunarkönnun fyrir hópana, eftir hverja fræðslu og komu þær mjög vel út.

## Skapandi sumarstörf – 22X

Í sumar var hægt að sækja um sérverkefni tengt listviðburðum. Að þessu sinni var 5 manna hópur 18-20 ára valinn í þetta verkefni. Helstu verkefni þeirra í sumar voru hinir ýmsu gjörningar eins og dans og leiklist. Þessir gjörningar voru t.d. á elliheimilum, sundlaugum Hafnarfjarðar, leikjanámskeiðum, miðbæ Hafnarfjarðar. Og á viðburðum sem haldnir voru eins og á 17. Júní, sumarhátíðinni, sjómannadeginum og löngum laugardegi og fleiri dögum. Einnig voru þau með ljóðalestur, videoverk og tónlist á hinum ýmsu stöðum. Þetta verkefni gekk vonum framár og vakti gífurlega athygli og almenna ánægju meðal bæjarbúa.



## Umhverfishópur/Grænfáni

Í sumar var ákveðið að sækja um og vinna að því að fá Grænfánann. Utan um þetta var stofnaður sérhópur sem var skipaður ungmennum á aldrinum 15-17 ára ásamt flokkstjóra sem kallaður var umhverfishópur, sem er kominn til að vera.

Hópurinn hefur það markmið yfir sumarið að tryggja vinnuskóla Hafnarfjarðar Grænfánann og hefur unnið með ýmnis verkefni tengd umhverfisvernd, umhverfismálum og lýðræði. Grænfána verkefnið sem er hér á landi er rekið af Umhverfissamtökunum Landvernd. Hugmyndir sem notast var við í þessum hóp er að ungur fræðir ungann. Almennir vinnuhópar fóru í fræðslu í umhverfismálum. Einnig tók hópurinn þátt í sumarhátíð. Í lok



sumars kom fulltrúi frá Landvernd og afhenti Vinnuskóla Hafnarfjarðar Grænfánann.

Það má því segja að þessi hópur stóð sig með þryði og náði settum markmiðum. Ætlunin er að gera enn betur í umhverfismálum á komandi árum.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar mun næsta vor flagga Grænfánanum með stolti.

## Listahópur

Listahópur vinnuskólans hefur á undanförunum árum orðið mikilvægur þáttur af menningarlífi Hafnarfjarðar. Hann hefur stutt við bakið á ungum listamönnum í þeirra fyrstu skrefum í listum, blásið lífi í miðbæinn og tamið meðlimum þess jákvæð og vönduð vinnubrögð. Í sumar sinntum við nokkrum skylduverkefnum. Móttaka skemmtiferðaskipa, skemmtiatriði á Þjóðhátíðardaginn og skemmtun á hátíðum bæjarins voru á meðal þeirra verkefna sem við tókum að okkur. Þessi verkefni gengu öll með ágætum. Krakkarnir settu saman gjörninga fyrir 17. júní sem fengu frábærar móttökur og mikil hrós. Hópurinn vann vel saman og setti saman nokkur atriði sem við nýttum á Þjóðhátíðardaginn. Við tókum á móti sex skemmtiferðaskipum. Starfsmenn skipanna hafa sérstaklega þakkað okkur fyrir þessa skemmtidagskrá og bent á að Hafnarfjarðarhöfn sé sú eina sem bjóði upp á slíka þegar þau sigla í höfn. Ferðamennirnir hafa líka tekið vel í skemmtunina og jafnvel brugðið á leik með krökkunum! Rétt eins og undanfarin ár áttu sér stað nokkrar breytingar á síðasta snúningi er varða tímasetningu skipanna. Þetta slapp þó allt fyrir horn þökk sé vinnubrögðum krakkana og skipuleggjenda. Ólíkt fyrri árum þá sáum við mestmegnis um uppsetningu á hljóðbúnaði og græjum. Þetta var breyting til góðs en það er mikilvægt að það sé gengið úr skugga um að næstu leiðbeinendur kunni á græjurnar.



## 17. júní

Aðkoma Vinnuskólans að framkvæmd og skipulagi 17. júní er töluverð. Helstu verkefni eru starfsmannahald og undirbúningur á uppsetningu hátíðar og lokunum í bænum. Forstöðumaður Vinnuskólans situr í framkvæmdarnefnd 17. júní.



## Verkherinn

Nú í sumar var í fjórða sinn starfrækt atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni 16- 20 ára á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Húsinu. Starfið gengur undir nafninu „Verkherinn“. Markmið starfsins var tvíþætt en annars vegar fengu ungmennin tækifæri til þess að spreyta sig við hin ýmsu störf með þeim stuðningi sem hver og einn þarfnaðist og hins vegar að efla og ýta undir félagsleg tengsl þeirra á milli og út í samfélagið.

Í sumar varð sú breyting á að hjá okkur voru þrír drengir í hjólastól og krafðist sú breyting þess að við þurftum að endurhugsa marga hluti. Eins og bílferðir, vinnustaði og aðstöðu í húsinu. Við hófum sumarið með átta vinnustaði en tveir þeirra duttu svo upp fyrir. Einnig vorum við með tvö verkefni á okkar eigin vegum og var það Lykillinn (úttekt á aðkomu fatlaðra á stofnanir bæjarins) og verkefni í Húsinu (ungmennahúsi) þar sem margt var tekið í gegn, eins og borð, grindverk málað af stórum hluta, panell að innan og margt fleira.

Settur var upp matjurtagarður í garðinum og tókum við þátt í skólagörðunum.

Frístundaúrræði eftir hádegi var mis vel sótt og gjarnan af þeim sömu.

Þá kom sú hugmynd til umræðu að lengja tímalengd og vinnustundir úrræðisins fyrir næsta sumar, til að mæta þörf og væntingum einstaklinganna.

Sú nýbreytni varð líka í sumar að við tókum við einstakling með mikla kvíðaröskun og mikinn félagsvanda að ósk Vinnuskólans og gekk það vel.

Farið var í lokaferð í lok sumars og var góð mæting í það, farið var í rútu að Reynisvatni og farið á Kajaka og þaðan í Húsdýragarðinn þar sem var grillað og leikið sér og endað í sundi í Laugardalslauginni

| Verkherinn                           | Sumar 2012 | Sumar 2013 | Sumar 2014 | Sumar 2015 |
|--------------------------------------|------------|------------|------------|------------|
| Fjöldi notenda                       | 17         | 19         | 17         | 21         |
| Fjöldi notenda sem eru Hafnfirðingar | 17         | 18         | 17         | 20         |
| Meðalfjöldi þjónustunotenda á dag    | 13-14      | 10-14      | 13-14      | 13-16      |
| Meðaltímafjöldi á viku               | 40         | 40         | 40         | 40         |
| Tímalengd úrræðis                    | 6 vikur    | 8 vikur    | 8 vikur    | 8 vikur    |
| Fjöldi starfsmanna                   | 7          | 7          | 7-8        | 9          |
| Fjöldi stöðugilda                    | 7          | 7          | 7          | 9          |

## Skjólstæðingar Fjölskylduþjónustu

Ákveðið hefur verið að bjóða skjólstæðingum Fjölskylduþjónustu sem eru á svokölluðum skólasyrk á veturna upp á tímavinnu yfir sumartímann. Um var að ræða þá sem ekki fengu vinnu annarsstaðar. Þessir aðilar eru á fjárhagsstuðningi hjá bænum og er talið ráðlegt að bjóða þeim upp á vinnu heldur en að hafa þá heima við sem sambærilegar tekjur. Verkefnið gekk heilt yfir vel, einhverjir skiluðu sér þó ekki í vinnu og voru félagsráðgjafar látnir vita af því, meirihlutinn stóð sig aftur á móti mjög vel og voru einstaklingar sem svo sannarlega vildu koma sér í vinnu. Það er mikilvægt að fyrir næsta sumar sé verkefnið unnið fyrr og sé þá hægt að undirbúa það enn betur í samstarfi við félagsráðgjafa.

Helstu verkefni þeirra voru að mála undirgöng og annað sem þurfti að mála.

## Sumarhátíð Vinnuskólans

Sumarhátíðin var haldin í miðbæ Hafnarfjarðar þriðjudaginn 8. júlí. Á Sumarhátíðina mæta allir sem tengjast sumarstarfinu t.d. almennir vinnuhópar, leikjanámskeið, íþróttafélög, flokkstjórar og sérhópar. Fenginn var Hafnfirski hljómsveitina White Signal til að spila og voru Listahópurinn, Competó og Tómsund öll með atriði á hátíðinni. Þá voru skotbakkarnir sem notaðir hafa verið á 17. júní settir upp á Strandgötunni. Grillaðar voru pulsar ofan í mannskapinn og fóru allir glaðir heim.



## Aðkoma Vinnuskólans að móttöku skemmtiferðaskipa

Vinnuskólinn kom í sumar, líkt og fyrri sumur, að móttöku skemmtiferðaskipa sem komu til Hafnarfjarðar.

Skemmtiferðaskipin voru alls sjö og kom Vinnuskólinn að móttöku þeirra í sumar. Starfsmenn Vinnuskólans söfnuðu fjölda hraunmola sem pakkaðir voru inn í strigapoka.

Upplýsingamiði á fjölmörgum tungumálum var svo festur við pokanna. Allir farþegar fengu þennan mola að gjöf og stór hluti áhafnannar einnig. Listahópurinn tók á móti farþegum með dans- og leiksýningum á hafnarbakkanum sem farþegar voru ánægðir með.

Samvinna og samstarf Vinnuskólans

við Hafnarfjarðarhöfn hefur verið með miklum ágætum og gengu móttökunnar vel. Að sögn Más Sveinbjörnssonar, hafnarstjóra, hjálpar þátttaka Vinnuskólans verulega við að draga þau til landsins. Það er nú samt þannig að svona samstarf þarf alltaf að vera í skoðun og það er spurning hvort Vinnuskólinn geti hjálpað frekar við þessar heimsóknir skemmtiferðaskipana ef ekki verður aukið tímamagn fyrir almenna vinnuhópa.



## Sumaráttak Vinnumálastofnunar.

Í sumar fékk Hafnarfjarðarbær 10 störf sem dreift var um kerfið. Starfsmenn fóru meðal annars á félagsþjónustu, Verkherinn, Hafnarborg, Hellisgerði og fleira. Þessir starfsmenn fengu störf í átta vikur í átta tíma á dag.



## Til framtíðar

### Starfsfólk hjá íþróttafélögum

Stærstu íþróttafélögin hafa á undanförnum árum verið mikið að pressa á aukið tímamagn fyrir eldri starfsmenn á sín svæði. Miðað við reynsluna síðustu sumur er mikilvægt að setjast yfir þessi mál. Félagin eru farin að halda úti fleiri námskeiðum og sjá um stærri svæði en áður.

### Ráðningasamningar

Skoða þarf óskir Launadeildar og starfsmannastjóra varðandi ráðningasamninga. Reynt var að fara af stað með þetta verkefni aftur í sumar en vegna mikilla erfiðleika með ráðningakerfi var ekki farið af stað með þetta verkefni í sumar, frekar en sl. sumar.

### Aukning fjármagns

Síðustu ár hefur lítið verið sett af fjármagni til kaupa á nýjum hjólbörum, verkfærum og öðrum rekstravörum sem komnar eru vel til ára sinna. Á næstu tveimur árum er mikilvægt að fara í að endurnýja þennan búnað sem Vinnuskólinn á. Einnig þurfum við að uppfæra ákveðin verkfæri þar sem stefnt er á að hafa sem mest af standandi verkfærum hjá Vinnuskólum landsins.

### Vinnutími skólastjórans

Skólastjóri Vinnuskólans starfar í um 4 mánuði á ári eða frá loka apríl fram í ágúst. Rekstrarstjóri Vinnuskólans starfar við undirbúning á veturna sem tengist starfseminni. Rekstrarstjóri sinnir auk þess fjölmörgum öðrum verkefnum sem mörg hafa forgang og því tekst stundum ekki vel að sinna undirbúningi eins og eðlilegt væri. Í Kópavogi er skólastjóri starfandi allt árið. Að mati skýrsluhöfunda þarf að bæta hér í vinnutíma skólastjórans. Ljóst er að starfstími sjálfs Vinnuskólans hefur lengst en þar er starfsemi frá miðjum maí út ágúst mánuð. Því er það mat okkar að lengja starfstíma skólastjóra Vinnuskólans um 2 mánuði sem munu fyrst og fremst nýtast við undirbúning á starfsemi stærsta vinnustaðar Hafnarfjarðarbæjar á sumrin.

### Viðhald á húsnæði Vinnuskólans

Það er mikil þörf á viðhaldi á húsnæði Vinnuskólans. Gluggar á tveimur hliðum hússins eru ónýtir og var á plani að skipta þeim út í sumar sem ekki var gert. Það veldur áhyggjum að viðhaldi á húsinu sé ekki sinnt enda öllum ljóst að mikilvægt er að fara í viðhald. Einnig er mikilvægt að settur verði upp þjófavarnakerfi á lager Vinnuskólans og í leiðinni uppfærður sá búnaður sem fyrir er í húsinu.

## Vinnustundir unglinga

Mikilvægt er að fjölga vinnustundum eldri unglinga. Mikilvægt er að auka við vinnu nemenda í 9. bekk úr 72 í 95, fyrir krakkana úr 10. bekk úr 72 í 120 og fyrir 17 ára úr 120 tímum í 150. Ungu fólkið þarf að hafa verðug verkefni á sumrin en aðgerðaleyfi er versti óvinur heilbrigðis líffernis. Að sama skapi þarf að auka við vinnumagn flokkstjóra. Í samanburði við önnur sveitarfélög er staða okkar bágborinn.

**Tafla 8 - Samanburður á vinnutíma unglinga mismunandi sveitarfélaga árið 2014**

| <b>Akranes</b>         | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> | <b>Kópavogur</b>     | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |
|------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|----------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Tímar alls             | 38,1          | 122,1         | 210           | 280           | Tímar alls           | 71,5          | 107,25        | 143           | 203,5         |
| Taxti                  | 375 kr.       | 422 kr.       | 558 kr.       | 1.108 kr.     | Taxti                | 406 kr.       | 541 kr.       | 676 kr.       | 1.108 kr.     |
| <b>Árborg</b>          | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> | <b>Reykjanesbær</b>  | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |
| Tímar alls             | 95            | 179           | 202           | 238           | Tímar alls           | 48            | 112           | 112           |               |
| Taxti                  | 446 kr.       | 533 kr.       | 669 kr.       | 1.176 kr.     | Taxti                | 352 kr.       | 406 kr.       | 489 kr.       |               |
| <b>Fljótsdalshérað</b> | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> | <b>Reykjavík</b>     | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |
| Tímar alls             | 75            | 150           | 180           |               | Tímar alls           |               | 105           | 105           | 140           |
| Taxti                  | 462 kr.       | 538 kr.       | 769 kr.       |               | Taxti                |               | 408 kr.       | 543 kr.       | 1.226 kr.     |
| <b>Garðabær</b>        | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> | <b>Sandgerði</b>     | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |
| Tímar alls             | 75            | 162           | 162           |               | Tímar alls           | 168           | 168           | 168           | 264           |
| Taxti                  | 373 kr.       | 419 kr.       | 550 kr.       |               | Taxti                | 388 kr.       | 449 kr.       | 584 kr.       | 1.006 kr.     |
| <b>Garður</b>          | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> | <b>Seltjarnarnes</b> | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |
| Tímar alls             | 80            | 168           | 168           | 196           | Tímar alls           | 98            | 98            | 196           | 256           |
| Taxti                  | 428 kr.       | 495 kr.       | 643 kr.       | 1.108 kr.     | Taxti                | 385 kr.       | 434 kr.       | 572 kr.       | 1.108 kr.     |
| <b>Grindavík</b>       | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> | <b>Vogar</b>         | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |
| Tímar alls             | 109           | 129           | 229           | 239           | Tímar alls           | 96            | 120           | 192           | 216           |
| Taxti                  | 518 kr.       | 592 kr.       | 740 kr.       | 1.292 kr.     | Taxti                | 449 kr.       | 519 kr.       | 632 kr.       | 1.026 kr.     |
| <b>Hafnarfjörður</b>   | <b>14 ára</b> | <b>15 ára</b> | <b>16 ára</b> | <b>17 ára</b> |                      |               |               |               |               |
| Tímar alls             | 72            | 72            | 72            | 120           |                      |               |               |               |               |
| Taxti                  | 363 kr.       | 410 kr.       | 545 kr.       | 1.108 kr.     |                      |               |               |               |               |

## Lokaorð

Sumarstarfið gekk afar vel árið 2015 að mati stjórnenda. Mörg ný verkefni fóru af stað og önnur þróuðust til betri vegar. Það sem við stjórnendur leggjum mikla áherslu á það að fjölgun tíma muni eiga sér stað fyrir næsta sumar, og hækkun launataxta. Við erum töluvert á eftir nágrannasveitafélögum með tímafjölda og launataxta. Unglingarnir bera minni virðingu fyrir starfinu enda sjá þau lítinn ávöxt af starfinu miðað við nágrannasveitafélögin. Þetta er eitthvað sem sveitafélagið verður að bregðast við. Einnig er fjöldi verkefna sem Vinnuskólinn náði að klára í sumar sem ekki náðist sl. sumur vegna veðurbliðu eins og málningarvinnu á stofnunum bæjarins og víðar.

Okkur fannst tvískipting tímabila unglunga óheppilegur að því leyti að þau fengu að ráða sjálf á hvoru tímabili þau vildu vera. Þetta gerði það að verkum að langflestir kláruðu sína tíma á fyrra tímabili og afar fáir urðu eftir á því seinna.

Hafnarfirði 9. september 2015.

*Bára Kristín Þorgeirsdóttir forstöðumaður Vinnuskólans*

*Geir Bjarnason íþróttá- og tómstundafulltrúi*

*Ragna Rut Magnúsdóttir rekstrar – og skrifstofustjóri ÍTH og Vinnuskólans*